

10

6. gr.

9. jan. Þegar afgreiða skal skip, frá síðustu höfn á Íslandi til utanlandssiglinga, skal sanna fyrir embættismanni þeim, sem afgreiðir skipsskjölin, að skipið fullnægi ákvæðum 1.—4. gr. þessara reglna.

7. gr.

Skoðunarmanni þeim, sem gefur út ferðavottorðið, ber þóknun fyrir starf sitt, og skal hún greidd af eiganda eða útgerðarmanni skipsins.

Þóknun þessi skal vera 10 kr. fyrir hverja skoðun, fari hún fram að degi til, það er frá kl. 8 til 19, á öðrum tíma 20 kr. Embættismaður sá, sem afgreiðir skipið, annast innheimtu gjaldsins, er hefur lögtaksrétt sem önnur opinber gjöld.

8. gr.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. janúar 1941.

Ólafur Thors.

Vigfús Einarsson.

11

9. jan.

ERINDISBRÉF

fyrir skoðunarstjóra verksmiðju- og vélaeftirlits ríkisins.

Skoðunarstjóri má ekki hafa með höndum önnur störf óviðkomandi skoðuninni en þau, sem geta samrýmt embættisstarfi hans að dómi ráðuneytisins, og sem ekki skerða daglegan starfstíma.

Skoðunarstjóri skal ferðast um landið eftir því, sem ástæður leyfa og tími vinnst til og sjálfur skoða eftirlitsskyld fyrirtæki, sérstaklega þau, er vandamikla skoðun þarf á og sem ekki falla undir eftirlit aðstoðarskoðunarmanna. Enn fremur skal hann skoða fyrirtæki, er liggja utan hinna afmörkuðu umdæma. Hann skal og sjálfur, eftir því, sem tími vinnst til, sérstaklega skoða meiriháttar verksmiðjur bæði í Reykjavík og úti um land.

Skoðunarstjóri skal leiðbeina skoðunarmönnum við starf þeirra og sjá um, að þeir ræki starfið vel og samvirkusamlega.

Skoðunarstjóri veitir skrifstofu eftirlitsins í Reykjavík forstöðu og skal vinnutími þar vera svo sem ráðuneytið ákveður. Hann skal safna þar og vinna úr skýrslum aðstoðarskoðunarmanna og hafa umsjón og ábyrgð á öllu því, er varðar eftirlitið og framkvæmd þess, undir yfirstjórn ráðuneytisins. Skal hann sérstaklega gæta þess, að framfylgt sé ákvæðum laga og reglugerða, að því er snertir beinlínis öryggi starfsfólks í verksmiðjum.

Skoðunarstjóri skal árlega semja skýrslu um störf eftirlitsins, svo og aðrar þær skýrslur og tillögur í málum þessum, er ráðuneytið leggur fyrir hann að annast.

Skoðunarstjóri skal vinna að því að kynna almenningi allt markvert, er lýtur að hollustuháttum og öryggisbúnaði á vinnustöðvum.

Skrifstofukostnað og ferðakostnað vegna starfs síns fær skoðunarstjóri greiddan úr ríkissjóði samkvæmt fjárveitingu í fjárlögum.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. janúar 1941.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.